

Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega á árinu 2021

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga **lögheimili í Borgarbyggð** eiga rétt á afslætti af **fasteignaskatti** skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambýlisfólki ræður aldur þess er fyrir verður 67 ára. **Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.**

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú:

Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2020):

með tekjur allt að kr. 3.882.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 3.882.001 – 4.495.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 4.495.001 – 5.101.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2020):

með tekjur allt að kr. 6.421.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 6.421.001 – 7.179.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 7.179.001 - 7.940.000 er veittur 50% afsláttur

Samþykkt í byggðarráði Borgarbyggðar 18. desember 2020.